

**Fjármála- og
efnahagsráðuneytið**

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Skattaskrifstofa**
Dagsetning: **23.10.2013**
Málsnúmer: **FJR13090030**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
(verðalagsbreytingar o.fl)

Á árinu 2009 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Lögin fela í sér ríkisstyrkjakerfi í formi tekjuskattsláttar til þeirra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði laganna.

Efnisinnihald laganna er að nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum, og hlotið hafa staðfestingu Rannís, eiga rétt á sérstökum frádrætti frá álöggðum tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi tekjuskattslaga. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera 100.000.000 kr. á rekstrarári (hámark skattfrádráttar er því 20.000.000 kr. hjá hverju fyrirtæki). Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. skal hámark kostnaðar samtals vera 150.000.000 kr (sem hækkar hámark skattfrádráttar í 30.000.000 kr.). Ef um er að ræða samstarfsverkefni skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

Þannig reiknaður skattfrádráttur kemur til lækkunar á álöggðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila ár hvert. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út.

Umræddur skattfrádráttur verður ákvarðaður í þriðja sinn á yfirstandandi ári við álagningu opinberra gjalda á lögaðila í lok október. Bráðabirgðatölur liggja þegar fyrir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu sem sýnir þróun þessa frádráttar frá árinu 2011. Til fróðleiks má geta þess að í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 152/2009 kemur fram að skattafsláttur nýsköpunarfyrirtækja gæti orðið á bilinu 450–750 m.kr. á ári þegar lögin væru að fullu komin til framkvæmda en þó væntanlega lægri fyrstu eitt til tvö árin. Eins og sjá má af töflunni hefur þessi stuðningur orðið talsvert hærri fjárhæð en reiknað var með.

	2011		2012		2013	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Skattfrádráttur alls,	54	486	78	834	91	1.025
Par af frádráttur frá tsk	8	45	12	70	14	127
- - endurgreiðsla	46	441	66	764	77	898

Í frumvarpi til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, nánar tiltekið í 17. gr., er að finna tillögu um lækkun á endurgreiðsluhlutfallinum úr 20% í 15%. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er þessi lækkun liður í aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Sú breyting er talin lækka útgjöld ríkissjóðs um allt að 300 m.kr. á árinu 2015 frá því sem ella hefði orðið. Er þá við það miðað að rannsóknar- og þróunarkostnaður rétthafa verði um 6 milljarðar króna á rekstrarárinu 2014 sem

hefði leitt til 1.200 m.kr. skattfrádráttar að óbreyttu hlutfalli. Samsvarandi tölur fyrir rekstrarárið 2013 eru áætlaðar 5,5 milljarðar króna og skattafsláttur upp á 1.100 m.kr. Af þeim tölum sést að reiknað er talsvert minni aukningu á þessum útgjaldalið ríkissjóðs frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Rétt er að vekja athygli á því að lög nr. 52/2009, falla úr gildi í lok árs 2014, að óbreyttu, sem þýðir að skattfrádrættinum verður síðast beitt við álagningu opinberra gjalda á árinu 2015.